

**REGLUGERÐ****103**  
15. okt.

um

breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað  
frá 30. ágúst 1926.

1. gr.

Í stað orðanna „10 krónur fyrir hvert tonn“ í 14. gr. a-lið komi: 5 krónur fyrir hverja smálest.

2. gr.

Í stað orðanna „15 krónur“ í 16. gr. 4. mgr. komi: festar- og uppsátursgjald 5 krónur á smálest.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. nóv. 1932, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ****104**  
21. okt.

um

gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi.

1. gr.

Dragnót (þar til telst koladragnót) er nót, sem með strengjum er dregin eftir sjávarbotni að skipi, sem liggur fast fyrir akkerum. Á nótinni er tiltölulega stuttur poki, og tveir langir vængir. Á efri teini eru stórar korkflár, til þess að halda nótinni á lofti, en á neðra teini blýhólkar. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum „hanafótum“. Hlerar eru engir, né neitt annað, er að nokkru leyti gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna. Á dragstrengjum eru ekki heldur nein sérstök tæki, svo sem hálmviskar eða annað, til útþenslu nótarinnar.

104

21. okt.

2. gr.

Möskvar á dragnótum mega ekki vera styttri á hvern veg en hér segir:

1. Í þoka dragnóta 55 mm. (leggurinn).
2. Í væng dragnóta 65 mm. aftast en 70 mm. fremst.

Þessar lágmarksstærðir ná til allra dragnóta, sem notaðar eru í landhelgi, hvort sem þær eru ætlaðar til bolfisksveiða eða flatfisksveiða.

3. gr.

Skarkoli, sem flytja má í land, má ekki vera styttri en 27 cm. (að jafnaði ekki undir 250 gr. að þyngd).

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 55, 7. maí 1928.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 85, 6. júlí 1932 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

105

25. okt.

## REGLUGERÐ

um

**breyting á reglugerð um notkun pósta 25. marz 1925.**

Aftan við 12. gr. skal bætt nýrri málsgrein sem hér segir:

Samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 29, 23. júní 1932 skulu taxtar fyrir böggla, sem fluttir eru með póstbílum vera 5 aurar fyrir hvert kílógramm eða minna af þyngd böggulsins fyrir hverja 50 kílómetra auk hins venjulega bögglaburðargjalds.

Gjald þetta, sem heitir „bílbögglagjald“, skal taka í stað landburðargjalds þess, sem ræðir um í 11. gr. póstlaga 7. maí 1921, þegar hægt er að senda böggla áfram landveg með póstbílum eingöngu.

Fyrir útlenda böggla hingað er bílbögglagjaldið tekið eftir á af viðtakanda en fyrir fram undir böggla héðan til útlanda. Undir innlenda böggla má taka það, hvort sem vill, fyrir fram eða eftir á eftir ósk sendanda.